

Með vísan til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 23. mars 1984.

Guðmundur Karlsson

Valdimar Indriðason  
Garðar Sigurðsson

Jón Aðalsteinn Jónsson  
Arnbjörn Kristinsson

#### Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Útvegsbanka Íslands höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning 31. desember 1983, rekstrarreikning fyrir árið 1983, skýringar nr. 1—16 og sérgreindan efnahagsreikning fyrir aðalbanka og útibú.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri bankans á árinu 1983 og efnahag hans 31. desember 1983 og breytingu lausafjárstöðu á árinu 1983.

Reykjavík, 27. mars 1984.

Haukur Harðarson

Ingi R. Jóhannsson, lögg. endurskoðandi

Með skírskotun til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast ársreikningurinn réttur.

Reykjavík, 28. mars 1984.

Matthías Á. Mathiesen

Nr. 414

## REIKNINGUR

### Fiskveiðasjóðs Íslands 1983

#### Rekstrarreikningur 1983.

#### TEKJUR:

		kr.
1. Af útflutningsgjaldi .....		111 834 296,00
2. Framlag ríkissjóðs .....		26 600 000,00
3. Lántökugjöld .....		8 075 730,00
4. Vextir:	kr.	
a) Ógreiddir vextir í lok árs .....	349 369 602,40	
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs .....	210 083 885,00	
	<hr/>	
c) Mismunur .....	139 285 717,40	kr.
d) Innheimtir vextir .....	444 282 192,65	583 567 910,05

Alls 730 077 936,05

B 86

## GJÖLD:

1. Kostnaðarreikningur:	kr.	
a) Keypt tæki og áhöld .....	187 688,54	kr.
b) Annar kostnaður .....	16 443 142,01	16 630 830,55
2. Lántökugjöld .....		6 629 999,52
3. Framlag til afskriftareiknings útlána .....		130 000 000,00
4. Vextir:	kr.	
a) Ógreiddir vextir í lok árs .....	112 452 697,00	
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs .....	65 115 976,00	
	<hr/>	
c) Mismunur .....	47 336 721,00	kr.
d) Greiddir vextir .....	442 761 024,93	490 097 745,93
		kr.
Tekjur umfram gjöld 1983 .....		86 719 360,05
Ráðstöfun tekjuafgangs:		
Fært á höfuðstól eigin fjár .....		86 719 360,05
		<hr/>
	Alls	0,00

## EIGNBREYTINGAREIKNINGUR 1983

Verðbreyting eigna:	kr.	
1. Hækkun höfuðstóls útlána með gengisákvæði 1983 .....	526 092 682,67	
2. Hækkun höfuðstóls útlána í erlendri mynt 1983 .....	831 552 523,91	
3. Hækkun höfuðstóls útlána í reikningseiningum Fiskveiðisjóðs 1983 .....	442 966 462,13	
4. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna útlána 1983 .....	304 546 718,69	
		kr.
		2 105 158 387,40
Verðbreyting skulda:	kr.	
1. Hækkun höfuðstóls erlendra skulda 1983 ....	1 394 289 942,59	
2. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna skulda 1983 .....	285 137 570,17	kr.
		1 679 427 512,76
Verðbreytingar eigna umfram verðbreytingar skulda á árinu 1983 ....		425 730 874,64
Fært á verðtryggingarreikning eigin fjár .....		425 730 874,64
		<hr/>
		0,00

## EFNAHAGSREIKNINGUR

31. desember 1983

## EIGNIR:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:		kr.
a) Fiskiskip .....	4 961 352 392,92	
b) Hraðfrystihús .....	572 764 418,77	
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur .....	85 797 557,25	
d) Aðrar vinnslustöðvar .....	115 660 405,13	
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir .....	3 827 181,40	
f) Ýmsar fasteignir .....	55 111 759,40	
		<hr/>
	5 794 513 714,87	
Afskriftareikningur útlána .....	(193 000 000,00)	
		<hr/>
	5 601 513 714,87	
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975:		kr.
a) Fiskiskip .....	371 805,00	
b) Fasteignir .....	996 525,00	
		<hr/>
	1 368 330,00	
3. Hagræðingarlán:		kr.
a) Höfuðstóll .....	35 427 308,03	
b) Ógreiddir vextir .....	10 972 872,00	
		kr.
		46 400 180,03
4. Fyrirgreiðslur vegna:		kr.
a) Skipa .....	20 000 000,00	
b) Fasteigna .....	85 859 322,04	
		<hr/>
	105 859 322,04	
5. Lán til loðnuskipa úr gengismunasjóði: .....	68 783 013,00	
6. Verðbréf: .....	2 923 278,62	
7. Ýmsir skuldunautar: .....	10 731 498,84	
8. Ógreiddir vextir: .....	349 369 602,40	
9. Bankainnstæður:		kr.
a) Fiskveiðasjóður .....	126 027 058,83	
b) Stofnfjár sjóður .....	90 525 765,33	
c) Hagræðingarjóður .....	24 889 049,71	
		kr.
		241 441 873,87
		<hr/>
	6 428 390 813,67	

SKULDIR:	kr.
1. Innlendar skuldir .....	11 219 546,49
2. Innlendar skuldir háðar vísitölu .....	870 725 698,77
3. Skuldir í erlendri mynt .....	1 950 555 056,89
4. Framlagsreikningar Seðla-, Lands- og Útvegsbanka .....	1 753 930,00
5. Skuldir v/Lausaskuldalána .....	1 368 330,00
6. Skuld við Hagræðingarsjóð .....	71 289 229,74
7. Innstæður lántakenda .....	1 971 750 459,35
8. Stofnfjár sjóður fiskiskipa .....	90 525 765,33
9. Viðskiptamenn .....	5 707 799,34
10. Skuld við gengismunarsjóð vegna loðnuskipa .....	68 783 013,00
11. Ógreiddir vextir og áfallnir vextir .....	112 452 697,00
12. Eigið fé:	kr.
a) Höfuðstóll .....	498 110 223,08
b) Verðtr. eigin fjár .....	774 149 064,68
	<hr/>
	6 428 390 813,67

Reykjavík, 10. febrúar 1984.

### FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

**Már Elísson.**

**Svavar Ármannsson.**

**Gunnar P. Ívarsson.**

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslur og bókhald sjóðsins á árinu, skv. góðum endurskoðunarvenjum og ekkert fundið athugavert. Framanskráðan ársreikning höfum við einnig yfirfarið og endurskoðað. Teljum við reikninginn og meðfylgjandi skýringar sýna glögga mynd af starfsemi sjóðsins á árinu 1983 og af stöðu hans í árslok. Að öðru leyti vísast til bréfs, sem við höfum sent stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og sjávarútvegsráðherra.

Reykjavík, 27. febrúar 1984.

**Ásmundur B. Olsen.**

**Birgir Finnsson.**

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar sjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1983 rétta.

Reykjavík, 9. mars 1984.

Davíð Ólafsson.

Árni Benediktsson.  
Björn Guðmundsson.  
Helgi Bergs.

Ármann Jakobsson.  
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson.  
Óskar Vigfússon.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1983 hér með staðfestir.

Reykjavík, 3. apríl 1984.

Halldór Ásgrímsson.

## Skýringar við ársreikning Fiskveiðasjóðs Íslands.

### Reikningsskilavenjur.

Í aðalatriðum er fylgt sömu reikningsskilavenjum og gert var á fyrra ári. Útlán eru uppreiknaðar vaxtatekjur og verðbætur til áramóta. Á skuldir eru uppreiknuð vaxtagjöld og verðbætur á samsvarandi hátt.

Þau útlán og þær skuldir, sem verðtryggð eru miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eru uppfærð samkvæmt vísitölu, sem tók gildi 1. október 1983, en þau útlán og þær skuldir, sem miðuð eru við lánskjaravísitölu eru uppfærð samkvæmt lánskjaravísitölu fyrir desember 1983.

Allar eignir og skuldir sjóðsins í erlendum gjaldeyri eða reikningseiningum eru uppfærðar um áramót og miðast við sölugengi á viðkomandi gjaldmiðli eða reikningseiningum í árslok.

Sú breyting er nú gerð á fyrri reikningsskilaaðferðum, að ógreiddir vextir hagræðingarsjóðs, sem hingað til hafa verið eignfærðir með ógreiddum vöxtum Fiskveiðasjóðs, eru nú færðir hagræðingarsjóði til eignar.

### Skýringar við einstaka liði.

- Ógreiddir og áfallnir vextir voru í árslok 1981 kr. 96 212 502,00. Þá voru allir gjaldfallnir vextir, dráttarvextir, reikningslegir vextir svo og verðbætur og gengismunur á alla vexti taldir að fullu til tekna og eigna. Sambærileg tala í árslok 1982 var kr. 225 083 885,00, en þá voru kr. 15 000 000,00 hvorki taldar til tekna né eigna vegna óvissrar innheimtu. Heildarfjárhæð ógreiddra og áfallinna vaxta er í árslok 1983 kr. 389 369 602,40. Ákveðið var að meta óvissuþátt á kr. 40 000 000,00. Ógreiddir vextir í árslok eru því taldir kr. 349 369 602,40.  
Án óvissuþáttar hefðu tekjur ársins orðið kr. 25 000 000,00 hærri og eigið fé í árslok kr. 40 000 000,00 hærra.
- Húsbúnaður, vélar og tæki, keypt á árinu kr. 188 þús. (árið 1982 kr. 852 þús.) eru gjaldfærð að fullu eins og á undanförunum árum.
- Á síðasta ári var myndaður afskriftareikningur útlána til að mæta þeirri almennu áhættu, sem fylgir útlánastarfsemi, og voru þá færðar á hann kr. 63 000 000,00, en það voru tæp 2% af útlánnum sjóðsins í árslok 1982.  
Í ljósi þeirrar auknu óvissu, sem nú ríkir í sjávarútvegi var ákveðið, að framlag til afskriftareiknings útlána í ár yrði kr. 130 000 000,00 og eru þá kr. 193 000 000,00 á afskriftareikningi útlána, en það eru rúm 3,3% af útlánnum sjóðsins í árslok.
- Eins og á fyrra ári fylgir uppgjöri sjóðsins eignbreytingareikningur, sem sýnir allar hreyfingar á höfuðstól vegna gengis- og vísitölubreytinga. Um þennan reikning hafa frá upphafi verið færðar kr. 774 149 064,68 á verðtryggingarreikning eigin fjár. Þessi reikningsskilaaðferð kemur í stað þess að færa verðbreytingafærslur á rekstrarreikningi. Ef verðbreytingafærslur hefðu verið notaðar hefði sjóðurinn fært til gjalda a.m.k. kr. 1 013,1 milljónir reikningsárin 1979—1983 og afkoma hans þannig orðið mun lakari en reikningarnir sýna.
- Ríkisstjórnin ákvað í júlí 1983, að veita eigendum 51 loðnuskipa lán úr gengismunarsjóði fyrir milligöngu Fiskveiðasjóðs samtals að fjárhæð kr. 60 000 000,00.

### Vaxtaafsláttur.

Fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar var í september 1982 og í október 1983 ákveðin tímabundin breyting á kjörum útlána sjóðsins til fiskiskipa. Þannig að sjóðurinn gefur eftir tiltekinn hundradshluta vaxta, sem falla til geiðslu á skipalán. Í árslok 1982 nam

eftirgjöfin u.þ.b. 44 milljónum króna, en u.þ.b. 168 milljónum króna árið 1983, sem ella hefðu komið til tekna. Sú eftirgjöf vaxta, sem samkvæmt framansögðu kemur til framkvæmda á árinu 1984 er á verðlagi 31. desember 1983 áætluð 61 milljón króna og mun að sjálfsögðu rýra tekjur ársins 1984, en er hvorki færð til skulda né gjalda á árinu.

#### **Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.**

Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð, er heitir „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild“. Deild þessi var stofnuð til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi í útgerð og fiskiðnaði, með því að veita tilteknum fyrirtækjum lán til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Deildin tók í þessu skyni kr. 120 000 000,00 lán með sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, og hefur allri fjárhæðinni verið ráðstafað til útlána á árinu. Ársreikningur deildarinnar fylgir ársreikningi Fiskveiðasjóðs, en samkvæmt fyrrgreindum lögum skal fjárhagur hennar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins.

## **REGLUGERÐ**

### **um bann við fiskveiðum 21. nóvember til 31. desember 1984.**

#### 1. gr.

Frá og með 21. nóvember 1984 til og með 31. desember 1984 er bátum, sem eru minni en 10 brl., óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*